



Reykjavík, 17.04.2026

Fundargerð Svæðisráðs Vestfjarðar – 3. fundur 17.04.2026 kl. 9:30 - 11:30.
Framhaldsfundur var haldinn 28.04.2026 frá kl. 13:00 - 14:15

Mætt:

Aðalsteinn Óskarsson (AÓ) formaður svæðisráðs stýrði fundi. Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) Strandabyggð, Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) Vesturbyggð, Jóhann Birkir Helgason (JBH) Ísafjarðarbæ, Jón Páll Hreinsson (JPH) samband íslenskra sveitafélaga, Katrín Pálsdóttir (KP) innviðaráðuneytið, Agnar Bragi Bragason (ABB) atvinnuvegaráðuneytið Magnús Guðmundsson (MG) umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Á framhaldsfundinum 28.04 tók Friðfinnur Skaftason sæti fyrir innviðaráðuneytið í stað Katrínar Pálsdóttur.

Frá HMS: Ólafur Árnason (ÓÁ), Borghildur Sölvey Sturludóttir (BSS) og Guðrún Jensdóttir (GJ) sem ritaði fundargerð

AÓ setti fund og gengið var til dagskrár

1. Yfirlit um leyfi til staðbundinnar nýtingar á skipulagssvæði strandsvæðiskipulags Vestfjarða

Farið var yfir útgefin leyfi á skipulagssvæðinu skv. upplýsingum sem fengust af strandsvæðiskipulagsvefsjá HMS. Vert er að taka fram að eftirfarandi fyrirvari er settur fram um leyfin í vefsjónum:

Vefsjáin birtir einnig upplýsingar um útgefin leyfi utan netlaga í samræmi við 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, og byggja þær upplýsingar á gögnum þeirra stofnanna sem veita leyfin. Leyfin eru sett fram sem punktalekja og sýna grófa staðsetningu leyfa, þ.e. miðpunkt. Frekari upplýsingar um leyfin og nákvæmari afmörkun má nálgast hjá viðkomandi leyfisveitendum.

2. Endurnýjun rekstrarleyfis Arnarlax í Arnarfirði

Arnarlax hefur óskað eftir endurnýjun á rekstrarleyfi í Arnarfirði þar sem hluti eldissvæðis liggur innan skipulagsreits LV6, þar sem fyrir liggja fjarskipta- og raforkustrengir.

Arnarlax hefur bent á að starfsemin hafi verið til staðar um árabíl og að unnt hafi verið að reka hana samhliða öðrum hagsmunum og að rekstrarleyfið sé einungis hægt að endurnýja eins og það liggur fyrir í strandsvæðiskipulagi. Í umsögn Mílu er lögð áhersla á öryggi fjarskiptainniða og lögbundnar takmarkanir vegna þeirra. HMS sendi MAST umsögn 23. janúar s.l. þar sem fram kemur afstaða stofnunarinnar um að starfsemin samræmist ekki að fullu skipulagsákvæðum reitsins og að endurnýjun rekstrarleyfis færi gegn gildandi strandsvæðiskipulagi Vestfjarða. Afstaða HMS útilokar þó ekki að svæðisráðið leggi

sjálfstætt mat á málið og komist að annarri niðurstöðu. Vert er að taka fram að umsögn HMS gagnvart samræmi við strandsvæðisskipulag um endurnýjun rekstrarleyfis var gerð áður en núverandi svæðisráð hafði verið skipað og hafið störf.

Rædd var afstaða svæðisráðs til málsins, annars vegar hvort endurnýjun leyfis Arnarlax á LV6 geti samræmst gildandi strandsvæðisskipulagi Vestfjarða og hins vegar um næstu skref í framhaldinu. Í umræðum var lögð áhersla á mikilvægi öryggis fjarskiptainniða og þá almannahagsmuni sem undir þeim liggja, en að greina þurfi betur vægi þeirrar áhættu m.t.t. hringtengingar fjarskiptastrengja um Vestfirði í dag og áætlanir um eflingu þeirra. Eins var rætt að rekstrarleyfið væri kjarni í rekstri Arnarlax í Arnarfirði og mikilvægir samfélagslegir og efnahagslegir hagsmunir þar undir. Jafnframt var rætt um þörf á bæði skammtímalausn varðandi afgreiðslu leyfisins og langtímalausn í formi skýrari skipulagsákvæða eða breytinga á strandsvæðisskipulagi.

Frekari umræðu um dagskrárlíð 2 var frestað þann 17. apríl og hún tekin upp að nýju á framhaldsfundi svæðisráðs 28. apríl. Umræðupunktur hér að neðan vísa til þeirra atriða sem fram fóru á þeim fundi.

AÓ setti fund.

Fulltrúi atvinnuvegaráðuneytisins, ABB, lagði fram sjónarmið þar sem kemur fram að ráðuneytið telji að umsögn HMS til MAST um ósamræmi fiskeldis á reit LV6 við strandsvæðisskipulag Vestfjarða hafi ekki tekið nægjanlegt mið af sértækum ákvæðum skipulagsins. Í gildandi strandsvæðisskipulagi komi sérstaklega fram að leyfi sé til fiskeldis við Tjaldanes innan LV6 og því sé erfitt að fullyrða að starfsemin sé í ósamræmi við skipulagið. Þá telur ráðuneytið að ákvæði fjarskiptalaga um helgunarsvæði strengja verði ekki heimfærð með beinum hætti á botnfestingar sjókvía. Þar sem öryggi strengsins sé mikilvægt hefði verið eðlilegt að fram færi sérstakt mat á áhættu fyrir viðkomandi streng vegna starfseminnar.

Fulltrúi innviðaráðuneytisins, FS, lagði einnig fram túlkun síns ráðuneytis þar sem kemur fram að gildandi fjarskiptalög feli ekki í sér beint bann við staðsetningu botnfestinga sjókvía innan helgunarsvæða fjarskiptastrengja og því sé ekki unnt að byggja á þeim grundvelli einum að sjókvíaeldi sé óheimilt á reit LV6. Jafnframt var vakin athygli á því að fyrir Alþingi liggi frumvarp um breytingu á fjarskiptalögum þar sem lagt er til bann við staðsetningu botnfestinga innan helgunarsvæða fjarskiptastrengja sem tengja Ísland við önnur lönd. Í umsögnum hafi eigendur strengja óskað eftir því að slíkt bann nái einnig til annarra fjarskiptastrengja í sjó.

Innviðaráðuneytið telur að sjókvíaeldi rúmist innan sértækra skilmála fyrir reit LV6, þar sem sérstaklega er vísað til leyfis til fiskeldis við Tjaldanes í staðfestu skipulagi. Þar sem lagnir og vegir eru hins vegar ríkjandi nýting á reitnum væri æskilegt að starfsemin sé í sátt við eiganda fjarskiptastrengsins og að áhættumat vegna strengsins fari fram áður en endanlegt mat er lagt á hvort eldið samrýmist skipulagsreitnum.

Varðandi reit A4 bendir ráðuneytið á að fiskeldi sé þar víkjandi nýting og þurfi því að taka mið af annarri nýtingu sem gengur fram. Því sé æskilegt að áhættumat siglinga fari fram áður en metið er hvort sjókvíaeldi samrýmist reitnum.

Formaður svæðisráðs, AÓ, rakti málsatvik og fór yfir helstu sjónarmið hagaðila og mögulegar leiðir til að vinna málið áfram. Þá fór formaður yfir afurðir þeirra samtala sem að formaður hafði átt við meðal annars Neyðarlínuna, MAST, Arnarlax auk fundar með Mílu í lok mars s.l..

Fjallað var um skörun sjókvíaeldis Arnarlax á reit LV6 við fjarskiptastreng Mílu og íslenska ríkisins, mikilvægi þess að tryggja öryggi fjarskiptainnið, og áhrif þess á starfsemi Arnarlax ef rekstur á reitnum yrði ekki heimilaður áfram. Einnig telur formaður nauðsynlegt að leita bæði skammtíma- og langtímalausnar, m.a. með áhættumati vegna fjarskiptastrengsins, nákvæmri hnitsetningu strengs og botnfestinga, skráningu öryggistilvika og könnun á framtíðaráformum eigenda strengsins.

ÓÁ benti á að mikilvægt væri að fá fram afstöðu ráðuneytanna og yfirferð formanns á málinu. Með hliðsjón af túlkun innviðaráðuneytisins á fjarskiptalögum tók ÓÁ undir að HMS legði fram nýja umsögn sem tæki mið af þeim sjónarmiðum. Jafnframt væri tilefni til að skýra betur hvernig skilmálar nýtingarreita ættu að vera settir fram til framtíðar. Lagnir og vegir eru ríkjandi nýting á reit LV6 og því skiptir öryggi fjarskiptastrengsins meginmáli. Ef niðurstaða áhættumats sýnir að unnt sé að tryggja öryggi strengsins gæti það skýrt forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi á reitnum. ÓÁ taldi jafnframt rétt að HMS færi í samtal við ráðuneytið um að skýra betur ákvæði reglugerðarinnar og nýtingarflokka strandsvæðisskipulagsins.

Í umræðum kom fram að málið væri flókið og að túlkun Mílu á fjarskiptalögum væri afgerandi og gengi lengra en túlkun innviðaráðuneytisins. MG benti á að öryggi strengsins varðaði einnig varnarmál og þar með mögulega önnur ráðuneyti, svo sem utanríkisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið. Ef áhættumat færi fram væri rétt að leita umsagna frá þeim samhliða öðrum hagaðilum.

Bent var á að ef skilmálar skipulagsins væru skýrari hefði mátt með einfaldari hætti vísa til þess að lagnir og vegir væru ríkjandi nýting á reitnum og að áhættumat þyrfti að liggja fyrir áður en leyfi væri veitt fyrir víkjandi eða samhliða starfsemi. Almennt var tekið undir að áhættumat væri lyklatríði í framhaldinu.

Rætt var að til að framkvæma áhættumat vegna LV6 þyrfti samvinnu Arnarlax og Mílu. Þeir aðilar yrðu að ná fram niðurstöðu sem fæli í sér breytingar á nýtingu LV6 til lengri og skemmri tíma litið með ásættanlegri áhættu fyrir rekstur fjarskiptastrengsins. Jafnframt var rætt að ef leyfi yrði gefið út áður en áhættumat liggur fyrir, þyrfti að skoða hvort leyfið yrði gefið út með þeim ákvæðum að áhættumat staðfesti að starfsemin muni standast þær kröfur sem gera þarf til öryggis strengsins til lengri tíma litið. Fram kom að eldissvæðið á LV6 færi fljótlega í hvíld, sem gæti skapað svigrúm til að vinna að gagnaöflun og minniháttar úrbótum í málinu án þess að starfsemi fiskeldis og rekstur fjarskiptastrengs raskist.

Einnig var rætt um A4 reitinn og að þar vanti frekari afgreiðslu, m.a. áhættumat siglinga í Arnarfirði. FS benti á að fyrir Alþingi liggja frumvarp um leiðarmerki og öryggi siglinga þar sem væru mikilvæg ákvæði um áhættumat siglinga þegar koma ætti fyrir sjókvíum.

Að mati HMS eru skilmálar fyrir reit LV6 ekki nægilega skýrir. Þeir vísa til þess að fiskeldi sé til staðar við Tjaldanes, en skýra ekki með fullnægjandi hætti hvernig samnýting reitsins skuli fara fram þegar sjókvíaeldi skarast við helgunarsvæði fjarskiptastrengs. HMS telur því æskilegt að skilmálar reitsins verði skýrðir frekar, eftir atvikum með breytingu á reglugerð

eða strandsvæðisskipulagi, þannig að betur liggi fyrir hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að slík samnýting geti talist ásættanleg.

Niðurstaða:

Í ljósi túlkunar innviðaráðuneytisins á fjarskiptalögum, mun HMS leggja fram nýja umsögn sem gerir ekki skipulagslega athugasemd við staðsetningu fiskeldis á LV6, þar sem áréttuð er þörf á áhættumati og ábyrgð framkvæmdaraðila á að hefja nú þegar vinnu sem leiði fram gögn um að starfsemin sýni fram á ásættanlegt öryggi strengsins.

MAST tilkynnir leyfishafa að hefja vinnu að gerð áhættumats í samstarfi við fjarskiptafyrirtækið. Þá þyrfti í kjölfar áhættumatsins að leita umsagnar annara hagaðila sem koma að rekstri strengsins (m.a. utanríkis- og dómsmálaráðuneytisins.)

Allir ráðsmenn greiða atkvæði með þessari niðurstöðu nema fulltrúi umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytis sem situr hjá og bókar eftirfarandi:

Bókun fulltrúa umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna afgreiðslu máls í svæðisráði strandsvæðisskipulags Vestfjarða um endurnýjun á leyfi Arnarlax vegna sjókvíaeldis í Arnarfirði:

Við afgreiðslu máls um endurnýjun leyfis Arnarlax til sjókvíaeldis í Arnarfirði, m.a. með hliðsjón af álitaeftum tengdum fjarskiptastrengjum á hafsbótnei, tekur fulltrúi umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytisins ekki efnislega afstöðu, enda fellur málið utan málefnasviðs þess ráðuneytis.

Fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins gerir jafnframt athugasemdir við verklag svæðisráðsins, þar sem hluti af fundargögnum lágu ekki fyrir með nægilegum fyrirvara heldur voru lögð fram á fundi eða stuttu fyrir fund. Mikilvægt er að tryggja að gögn berist með góðum fyrirvara svo fulltrúar geti sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti.

Með hliðsjón af framangreindu situr fulltrúi umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins hjá við afgreiðslu málsins.

Formaður áréttaði að viðfangsefnið væri flókið, jafnframt sem skammur tími hefur verið fyrir hendi til umfjöllunar m.a. draga fram sjónarmið sem leggja yrdi fram til grundvallar ákvörðun. Ákvörðun svæðisráðs á þessum fundi væri áfangi á þeirri leið að sætta sjónarmið og finna varanlega lausn til lengri tíma litið.

3. Beiðnir og ábendingar um skipulag strandsvæðis í Arnarfirði

Farið var yfir minnisblöð frá HMS vegna erindis Sigurðar Hreinssonar annars vegar og Ískalks hins vegar.

Erindi Sigurðar Hreinssonar varðar ósk um endurskoðun strandsvæðisskipulags Vestfjarða, einkum með tilliti til legu sæstrengs yfir Arnarfjörð. Í samantekt HMS kemur fram að málið hafi þegar hlotið formlega meðferð og að strengurinn hafi þegar verið lagður. HMS telur að ekki sé tilefni til að taka upp málið að nýju.

Ábendingar Ískalks lúta að afmörkun og nýtingu reita fyrir staðbundna nýtingu þar sem bent er á að nálægð milli mismunandi nýtingar, þ.e. fiskeldis og efnistöku kalkþörungna, geti skapað árekstra. Þá er vísað til mögulegrar skörunar leyfa og stækkunar eldissvæða í grennd við svæði þar sem heimildir til efnistöku liggja fyrir.

Svæðiráð tekur undir það sem fram kemur í minnisblöðunum tveimur. Svæðisráð felur HMS að kalla til frekari samráðs við hagsmunaaðila vegna erindis Ískalks.

4. Fundardagar svæðisráðs og efni næsta fundar.

Næsti fundur var ekki ákveðinn, en formaður mun boða til hans með lögmætum fyrirvara.

Fleira ekki gert og formaður sleit fundi kl. 14.15